



# HAFNARFJÖRÐUR

Velferðarráðuneytið

b.t. Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra

Hafnarhúsinu, 150 Reykjavík

Hafnarfjörður 30. september 2015

Mál nr. 1510015

**Efni: Krafa um viðbótarfjárframlög vegna húsaleigugreiðslna í búsetukjörnum fatlaðs fólks.**

Framkvæmd leigusamninga, sem svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra höfðu gert vegna húsnæðis sem þær nýttu fyrir þjónustu við fatlað fólk, fluttist til sveitarfélaga samhliða yfirfærslu málaflokkins til sveitarfélaganna í byrjun árs 2011. Sveitarfélög fengu þannig umrætt húsnæði til afnota við yfirfærsluna og tóku að sér leigugreiðslur samkvæmt leigusamningum. Fyrstu tvö árin eftir yfirfærsluna voru greidd húsnæðisframlög til sveitarfélaganna en frá árinu 2013 eru framlögum inni í framlögum vegna þeirra sem eru í SIS-mati 5 eða meira, þar sem miðað er við eðlilegar leigugreiðslur. Forsvarsmenn BRYNJU, hússjóðs, hafa ekki fallist á aðilaskipti að leigusamningunum en geta hins vegar fallist á framleigu til viðkomandi sveitarfélaga, enda verði samningarnir eftir sem áður með fullri ábyrgð ríkisins (sjá meðfylgjandi minnisblað).

Samningarnir eru s.s. gerðir milli Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi og BRYNJU, hússjóðs en við yfirfærslu færðist framkvæmd og greiðsla leigu til sveitarfélaga en eins og að framan segir var gert ráð fyrir sérstöku húsnæðisframlagi til að mæta þessum kostnaði. Í vinnu við endurmat yfirfærslunnar hefur Samband sveitarfélaga lagt áherslu á að þau sveitarfélög sem bera þennan auka leigukostnað fái viðbótarfjárframlög til að mæta kostnaðinum. Ekki er komin niðurstaða hvað þetta varðar.

Í töflunni hér að neðan eru upplýsingar um húseignir í eigu BRYNJU sem Hafnarfjarðarkaupstaður hefur haft til afnota.

Sambýli	Fm	Verð pr ferm. við samnings-byrjun	grunvv	Ágúst vísit 2015	Leiguverð á fermetra	Heildarleiga frá Brynju á mánuði	Leiguverð í Hafnarfirði	Heildar-leiga	Mismunur á mánuði
Einiberg	205	675	255,2	432,3	1.143	234.402	1.000	205.000	29.402
Hjallabaut	111	826	336	432,3	1.063	117.964	1.300	144.300	-26.336
Drekavellir	506	1642	261,9	432,3	2.710	1.371.429	1.300	657.800	713.629
Erluás	255,5	1304,7	226,6	432,3	2.489	635.956	1.200	306.600	329.356
Svöluhraun	245,4	1269,36	224,1	432,3	2.449	600.901	1.200	294.480	306.421
Svöluás	408,9	2014,53	229,3	432,3	3.798	1.553.002	2.200	899.580	653.422
<b>Samtals</b>	<b>1731,8</b>				<b>2.275</b>	<b>4.513.654</b>	<b>1.367</b>	<b>2.507.760</b>	<b>2.005.894</b>

Tölur fengnar frá löggiltum fasteignasala - er námundun - leiguverð á fermetra.



Um er að ræða fjóra langtímaleigusamninga og tvo til skemmri tíma. Fram kemur t.d. að fermetraverðið í Svöluási er 3.798 kr. Að mati leigumiðlara er eðlilegt markaðsverð á fermeter 2.200 kr. Samningarnir eru til ársins 2027, tveir til ársins 2028 og einn til ársins 2030. Tveir samninganna eru til skemmri tíma. (sjá meðfylgjandi skjöl).

Leigugreiðslur Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna húseigna Brynju eru langt umfram leiguverð á almennum markaði í sveitarfélagini. Munar þar rúmum tveimur milljónum á mánuði. Sveitarfélagið er með öðrum orðum að ofgreiða húsaleigu vegna húseigna í eigu BRYNJU, hússjóðs sem nemur u.p.b. 24 milljónum á ári. Um er að ræða leigusamninga sem ríkið ber ábyrgð á, sbr. hér að framan.

Hér með er krafist framlaga frá ríki til að standa straum af kostnaði við umframleiguverð vegna leigugreiðslna í húsnæði BRYNJU. Samningarnir eru á ábyrgð ríkisins þar sem samkvæmt samningum er ríkið leigutaki húseignanna.

Hér með tilkynnist að frá og með áramótum 2015/2016 mun Hafnarfjarðarbær greiða sem samsvarar eðlilegri leigu vegna umræddra húseigna. Litið er svo á, að velferðarráðuneyti beri ábyrgð á greiðslum þar umfram.

Virðingarfyllst

Har. L. Haraldsson

Haraldur L. Haraldsson,  
bæjarstjóri

Afrit: Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga og þingmenn Suðvesturkjördæmis.

Fylgiskjöl: Minnisblað Samband íslenskra sveitarfélaga dagsett 11. júní 2015.  
Leigusamningar vegna Einibergs, Hjallabrautar, Drekkavalla, Erluáss, Svöluhrauns og Svöluáss.